



# Vopnafjörður

## **BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS Á VOPNAFIRÐI**

Hverfisvernd aflétt af  
Hafnarbyggð 16 vegna niðurrifs

**BREYTINGARTILLAGA**

18. janúar 2021



**YRKI ARKITEKTAR**

Mýrargötu 26. 101 Reykjavík  
Sími: 552 6629 . yrki@yrki.is  
Kt: 560997-3109 . www.yrki.is



## Athugasemdir og ábendingar við tillögu

Allir, sem þess óska, geta komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps á netfangið [sigurdur.jonsson@efla.is](mailto:sigurdur.jonsson@efla.is) eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Kaupvangi 5, 700 Egilsstöðum.

Innsendum athugasemdum og ábendingum verður svarað formlega að loknum auglýsingatíma.

Sjá nánar um samráð og málsmeðferð tillögunnar í kafla 6.

### 1 Aðdragandi og tilgangur breytinga

Brim hf., eigandi fiskimjólsmiðjunnar á Vopnafirði, hefur óskað eftir því við sveitarstjórn að fá leyfi til að rífa gömlu rafstöðina að Hafnarbyggð 16. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl 2020 að heimila niðurrif á Hafnarbyggð 16. Áður en hægt er veita leyfi fyrir niðurrifi hússins þarf að aflétta hverfisvernd á Hafnarbyggð 16 og heimila niðurrif í deiliskipulagi.

Tilgangur Brim hf. með fyrirhuguðu niðurrifi er að bæta aðgengi að fjölmennustu starfsstöð félagsins þar sem aðkoma starfsfólks er í húsasundi bakvið Hafnarbyggð 16. Með niðurrifi er hægt að bæta aðkomu og þar með öryggi á svæðinu. Aðkoma að starfsmannainngangi og mjólskemmu er um lítið húsasund bakvið húsið. Sjá nánar um aðstæður í næsta kafla.

### 2 Staðsetning, aðstæður í dag og saga hússins

Hafnarbyggð nr. 16 er staðsett á miðsvæði hafnarsvæðisins á Vopnafirði. Aðkoma að því er um Hafnarbyggð sem liggur meðfram hafnarsvæðinu og að miðsvæði þéttbýlisins í Vopnafirði. Handan götunar við Hafnarbyggðar 16 er hótél (nr. 17) og íbúðarhús (nr. 15), sjá nánar á mynd 2.1.

Hafnarbyggð er ein af aðalgötum þéttbýlisins en aðal aðkoman í kaптúnið er um götuna. Gatan liggur frá mörkum þéttbýlisins í norðri og liggur í suður átt að miðsvæði þess, meðfram hafnarsvæðinu. Byggingar við Hafnarbyggð blasa þannig við gestum er koma akandi inn í byggðina um Norðausturveg. Í miðsvæðinu mætir Hafnarbyggð Kolbeinsgötu sem liggur áfram suður inn í Hofárdal. Göturnar Hafnarbyggð og Kolbeinsgata eru hluti af Hlíðarvegi, þjóðvegi í umsjá Vegagerðarinnar.



Mynd 2.1 Hafnarbyggð nr. 16 (lítað gult) á loftmynd ásamt næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2019).

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er húsið verndað með hverfisvernd sem byggir á niðurstöðum húsakönnunar sem unnin var við gerð deiliskipulagsins.

Húsið var reist árið 1961 fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til að hýsa dísilrafstöð bæjarins en eftir að aðgengi að rafmagni batnaði var rafstöðin lögð af. Í dag er húsið notað sem geymsla. Ástand hússins er ábótavant og enginn hiti er á húsinu, enda talin óparfi þegar dísilvélar rafstöðvarinnar voru í notkun.

Húsið er í dag í eigu einkaaðila en Brim hf. hefur áhuga á að kaupa húsið að því gefnu að félagið fái að rífa það. Sveitarstjórn hefur tekið jákvætt í þá hugmynd.

Fiskimjölsværksmiðja og geymsla eru í aðliggjandi húsi, Hafnarbyggð 12. Hafnarbyggð 16 þrengir að flutningum á afurðum sem ferjaðar eru í og úr geymslunni sem staðsett er bak við húsið. Slíkir flutningar fara jafnan fram á vöruflutningabílum. Þó reynt sé eftir fremsta megni að skilja að gönguleið starfsmanna frá vinnusvæði vinnuvéla getur skapast hætta fyrir starfsfólks sem á leið um til og frá vinnu. Sjá nánari skýringar á myndum 2.2. og 2.3.



*Mynd 2.2 Hafnarbyggð 16 í dag séð frá götunni, aftan við húsið er aðkoma að starfsmannainngangi og geymslu.*



*Mynd 2.3 Horft inn í húsasundið bakvið Hafnarbyggð 16 (gult hús til hægri á mynd). Búið er að merkja inn á myndina starfsmannainngang (A) og inngang í geymslu (B).*



Ástand Hafnarbyggðar 16 er bágborið þar sem viðhaldi hefur lítið verið sinnt, engin einangrun né hiti er á húsinu. Húsið er farið að stinga úr stúf á hafnarsvæðinu þar sem búið er að gera upp önnur hús á svæðinu. Brim hf. horfir til þess að nýta áfram inngang bakvið húsið og því er vilji til að hafa umhverfi þess snyrtilegt og til sóma.

Í stað hússins er gert ráð fyrir plani fyrir bílastæði og athafnasvæðis fyrir stærri bíla í samræmi við hafnarstarfsemi á svæðinu.

### **3 Breytingar á deiliskipulagi**


Breytingin felur í sér að hverfisvernd á Hafnarbyggð nr. 16 í deiliskipulagi er aflétt og gert ráð fyrir að húsið verði rífið. Í stað hússins er gert ráð fyrir bíla- og athafnaplani.

#### **3.1 Breyting á uppdrætti**

Breyting á uppdrætti felst í því að fella út merkingu hverfisverndunar á húsinu. Í staðinn er húsið merkt til niðurrifs. Þá eru lóðarmörk fyrir Hafnarbyggð 16 leiðrétt í samræmi við lóðarblað og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Sjá myndir 3.1 og 3.2, á næstu síðum, sem sýna hluta af deiliskipulagsuppdrátt fyrir og eftir breytingu.

BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS




Skýringar:

	SKIPULAGSMÖRK		MANNVIRKI TIL NIÐURRIFS
	NÚVERANDI LANDLÍNA	10	HÚSNÚMER
	BYGGINGARREITIR		MÆNISSTEFNA
	LÓÐARMÖRK		MÁLSETNINGAR BYGGINGARREITA
	LÓÐARMÖRK NÝRRA LÓÐA		BÍLASTÆDI
	LEIÐRÉTT LÓÐAMÖRK (SAMKV. ÞJÓÐSKRÁ)		BÍLASTÆDI FYRIR HREYFIHAMLADA
	NÚVERANDI BYGGINGAR		OLÚGILDRA
	NÚVERANDI BYGGINGAR EFTIR GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS 2008		OLÚLAGNIR Í JÖRÐU
	NÚVERANDI BYGGINGAR VERNDAÐAR SKV. SKIPULAGSREGLUGERÐ 90/2013		FRÁVEITA
	ATHAFNARSVÆDI		AÐALAÐKOMA HAFNSÆKINNAR UMFERÐAR
	SJÓR & TJÖRN		HÁSPENNUSTRENGUR Í JÖRÐU
	VARNARGARÐUR		INNAKSTUR Á LÓÐIR
	GRÆNT SVÆÐI		FLATARMÁL LÓÐARHLUTA
	LANDSVÆÐI UTAN SKIPULAGSMARKA		
	VEGIR	Gk	VOPNAFJARÐAR
	VEGHELGUNARVÆÐI		FORNLEIFAR Í HNITUM SKV. HÚSAKÖNNUNARSKÝRSLU:
	BREYTT LEGA VEGAR		39 HORFIN HÚS
	GÖNGUSTÍGAR		59 HORFNAR MINJAR
	GÖNGULEIÐ (LEGA LEIÐBEINANDI)		30 SÝNILEGAR MINJAR

Mynd 3.1 Hluti uppdráttar deiliskipulags sem sýnir Hafnarbyggð 16. Mælikvarði 1:1000. FYRIR breytingu.

BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS



Skýringar:

	SKIPULAGSMÖRK		MANNVIRKI TIL NIÐURRIFIS
	NÚVERANDI LANDLÍNA	10	HÚSNÚMER
	BYGGINGARREITIR		MÆNISSTEFNA
	LÓÐARMÖRK		MÁLSETNINGAR BYGGINGARREITA
	LÓÐARMÖRK NÝRRA LÓÐA		BÍLASTÆÐI
	LEIÐRÉTT LÓÐAMÖRK (SAMKV. ÞJÓÐSKRÁ)		BÍLASTÆÐI FYRIR HREYFIHAMLADA
	NÚVERANDI BYGGINGAR		OLÚGILDRA
	NÚVERANDI BYGGINGAR EFTIR GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS 2008		OLÚLAGNIR Í JÖRÐU
	NÚVERANDI BYGGINGAR VERNDAÐAR SKV. SKIPULAGSREGLUGERÐ 90/2013		FRÁVEITA
	ATHAFNARSVÆÐI		AÐALAÐKOMA HAFNSÆKINNAR UMFERÐAR
	SJÓR & TJÖRN		HÁSPENNUSTRENGUR Í JÖRÐU
	VARNARGARÐUR		INNAKSTUR Á LÓÐIR
	GRÆNT SVÆÐI		FLATARMÁL LÓÐARHLUTA
	LANDSVÆÐI UTAN SKIPULAGSMARKA		a = HÁMARKSFLATARMÁL BYGGINGA b = HÁMARKSHÆÐ BYGGINGA
	VEGIR	Gk	GÓLFKÓTI 1. HÆÐAR Í HAFNARKERFI VOPNAFJARÐAR
	VEGHELGUNARSVÆÐI		39 FORNLEIFAR Í HNITUM SKV. HÚSAKÖNNUNARSKÝRSLU:
	BREYTT LEGA VEGAR		59 HORFIN HÚS
	GÖNGUSTÍGAR		30 HORFNAR MINJAR
	GÖNGULEIÐ (LEGA LEIÐBEINANDI)		SÝNILEGAR MINJAR

Mynd 3.2 Hluti uppdráttar deiliskipulags sem sýnir Hafnarbyggð 16. Mælikvarði 1:1000. EFTIR breytingu.



### 3.2 Breyting skilmála í greinargerð

Bætt er við skilmálum um snyrtilega ásýnd og frágang lóða. Í kafla 2.6 eru skilmálar um frágang lóða.

FYRIR breytingu eru eftirfarandi skilmálar um frágang lóða:

”

#### *2.6 Frágangur lóða*

*Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Á aðaluppdráttum skal sýna fyrirkomulag lóðar s.s. frágang lands, bílastæði og göngustíga, girðingar og trjágróður.*

“

EFTIR breytingu verður kafli 2.6 svohljóðandi (viðbættur texti feitletraður):

#### **2.6 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Á aðaluppdráttum skal sýna fyrirkomulag lóðar s.s. frágang lands, bílastæði og göngustíga, girðingar og trjágróður.

**Séu engir aðaluppdrættir sem sýna fyrirkomulag á lóðum skal huga að snyrtilegri ásýnd og frágangi.**

Auk þessa þarf að fella úr gildi skilmála um hverfisvernd á Hafnarbyggð 16. Í kafla 2.12 í greinargerð deiliskipulagsins er að finna skilmálana. Felld er út málsgreinin sem tekur fyrir skilmála hússins.

FYRIR breytingu eru eftirfarandi skilmálar um Hafnarbyggð 16:

”

#### *2.12 Hverfisvernd*

*Tvær byggingar eru verndaðar samkvæmt skilgreiningu hverfisverndar í skipulagsreglugerð 90/2013.*

*Rafstöðin við Hafnarbyggð 16 á iðnaðarsvæðinu S3 frá 1960 eftir Sigvalda Thordarson arkitekt (1911-1964). Framkvæmdir vegna viðhalds byggingarinnar verði nýttar til þess að færa húsið í upprunalegt horf undir handleiðslu arkitekts sem er sérfróður um verk Sigvalda Thordarsonar.*

*Fyrrverandi verksmiðjan við Hafnarbyggð 12 frá 1960 sem hefur verið breytt í mjölgeymslu. Framkvæmdir vegna viðhalds byggingarinnar verði nýttar til þess að færa húsið í upprunalegt horf undir handleiðslu sérfræðings í húsafriðun með þeim fyrirvara þó að slíkar framkvæmdir samræmist núverandi starfsemi hússins.*

“

EFTIR breytingu verður kafli 2.12 svohljóðandi (breyttur texti feitletraður):





## 2.12 Hverfisvernd

Ein bygging er vernduð samkvæmt skilgreiningu hverfisverndar í skipulagsreglugerð 90/2013.

Fyrirverandi verksmiðjan við Hafnarbyggð 12 frá 1960 sem hefur verið breytt í mjölgeymslu. Framkvæmdir vegna viðhalds byggingarinnar verði nýttar til þess að færa húsið í upprunalegt horf undir handleiðslu sérfræðings í húsafriðun með þeim fyrirvara þó að slíkar framkvæmdir samræmist núverandi starfsemi hússins.

## 4 Samræmi við aðrar áætlanir

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins til að heimila niðurrif á Hafnarbyggð 16 sem er í dag verndað gegn niðurrifi. Áður en hægt er að veita framkvæmdarleyfi til niðurrifs hússins þarf deiliskipulagið að vera í samræmi við leyfið. Því er hér lögð fram breyting á deiliskipulaginu.

### 4.1 Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026


Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er Hafnarbyggð 16 staðsett á iðnaðarsvæði (merkt S3 á þéttbýlisuppdrætti) og skilgreind sem vararafstöð. Ekki er fjallað frekar um rafstöðina í aðalskipulaginu en hætt var að nota húsið sem vararafstöð árið 2007.

Sjá má hluta þéttbýlisuppdráttar aðalskipulagsins á mynd 4.1.



SKÝRINGAR:

-  IBÚDARSVÆÐI
-  MIDSVÆÐI
-  ATHAFNASVÆÐI
-  IÐNAÐARSVÆÐI
-  HAFNARSVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
-  VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
-  OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  ÖBYGGÐ SVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÖBYGGÐ SVÆÐI
-  SORPFÖRGUNARSVÆÐI
-  EFNISTÖKUSVÆÐI / EFNISLOSUN
-  NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRA
-  BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHUGUÐ LANDNOT
-  LANDBÚNAÐARSVÆÐI
-  VÖTN, ÁR OG SJÓR
-  STRANDSVÆÐI SEM LÍFFYLLIR LUMMYRERFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆÐI. SBR. FYLGISKAJAL 2 MED REGULGERÐ NR. 758/1999 UM FRÁVEITUR OG SKOLP.
-  STRANDSVÆÐI Í FLOKKI B
-  STOFNBRAUT
-  TENGIBRAUT
-  AÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR
-  BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS
-  VATNSVEITA Í JÖRD
-  RAFVEITA, LOFTLÍNA
-  RAFVEITA, JARDLÍNA
-  FJARSKIPTI Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD
-  YFIRFALL Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HÉTT Á SKIPULAGSTÍMANUM
-  AÐALSTÍGUR
-  GÖNGULEIDIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
-  REIDLEIDIR/REIDSTÍGAR



Mynd 4.1 Hafnarbyggð 16 merkt inn á uppdrátt með S3 á iðnaðarsvæði. Hluti þéttbýlisuppdráttar úr Aðalskipulagi Vopnafjarðarhepps 2006-2026 m. s. br. Mælikvarði 1:10.000



## 4.2 Deiliskipulag miðsvæði hafnarsvæðis á Vopnafirði

Í gildi er deiliskipulag miðsvæði hafnarsvæðis á Vopnafirði sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 17. október 2019 en auglýsing í B deild stjórnartíðinda var birt 17. janúar 2020. Sjá afmörkun þess á mynd 4.2.

Í deiliskipulaginu er Hafnarbyggð 16 verndað með hverfisvernd sem byggir á niðurstöðu húsakönnunar sem unnin var samhliða gerð deiliskipulagsins.

Breytingin er unninn svo hægt sé að aflétta hverfisverndinni á húsínu og þar með veita leyfi fyrir niðurrif þess.



Mynd 4.2 Útlínur deiliskipulags miðsvæðis hafnarsvæðisins sýndar á loftmynd. Loftmynd: Loftmyndir ehf. (2019).



Eftirfarandi texta er að finna inngangskafli greinargerðarinnar:

”

### **1.3.2.9 Hverfisvernd**

*Tvær byggingar á skipulagssvæðinu eru verðugir fulltrúar síns tíma í sögu iðnaðarmannvirkja á Íslandi og er gert ráð fyrir því að byggingarnar verði verndaðar samkvæmt skilgreiningu hverfisverndar í skipulagsreglugerð 90/2013.*

*Rafstöðin við Hafnarbyggð 16 á iðnaðarsvæðinu S3 frá 1960 eftir Sigvalda Thordarson arkitekt (1911-1964): Stíleinkenni hússins eru dæmigerð fyrir verk Sigvalda. Ber þar sérstaklega að nefna litavalið. Ástand hússins að utan er ábótavant og er þakkanturinn, sem er ekki upprunalegur, verulegt lýti á húsinu. Mælt er með því að framkvæmdir vegna viðhalds byggingarinnar verði nýttar til þess að færa húsið í upprunalegt horf undir handleiðslu arkitekts sem er sérfróður um verk Sigvalda Thordarsonar.*

*Fyrirverandi verksmiðjan við Hafnarbyggð 12 frá 1960 sem hefur verið breytt í mjölgeymslu: Útliti hússins hefur verið breytt verulega. Ber þar sérstaklega að nefna gluggasetningar og lagnamannvirki utanhúss. Í samræmi við markmið deiliskipulagsins um verndun sérkenna eldri byggðar er lagt til að byggingin verði færð í upprunalegt horf með þeim fyrirvara þó um tilvist áreiðanlegra heimilda (teikningar í mælikvarða, ljósmyndir í rekjanlegum mælikvarða, upplýsingar um efnis- og litaval utanhúss). Eðli starfseminnar samkvæmt hefur þessu iðnaðarmannvirki undir hafnsækna starfsemi verið breytt í tímanna rás til þess að þjóna hlutverkum sínum sem verksmiðja og geymsla. Bent er á að við allar framkvæmdir til verndunar hússins beri að forðast svokallaða „leikmyndagerð“ (falskir gluggar, tilgangslaus lagnamannvirki, o.s.frv.) eða frjálsta túlkun án heimilda á hugtakinu „upprunalegt“ og því er mælt með því að slíkar framkvæmdir verði undir handleiðslu sérfræðings í húsafriðun.*

“

Textinn byggir á niðurstöðum húsakönnunar fyrir svæðið, sjá niðurstöður hennar hér aftar. Eftir breytingu eru skilmálar ekki í samræmi við þessa umfjöllun sem stendur áfram óbreytt.

## **4.2.1 Húskönnun og fornleifaskráning**

Samkvæmt húsakönnun sem unnin var fyrir gildandi deiliskipulag, er Hafnarbyggð 16 metin með hátt varðveislugildi. Húsakönnunin var unnin af YRKI arkitektum í samráði við Minjastofnun Íslands. Um varðveislumatið segir í húsakönnuninni:



Varðveislumat:		
Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	<i>Dæmigerð höfundar einkenni Sigvalda Thordarsonar.</i>
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	<i>Hluti af atvinnusögu kaupsins. Aðeins annað af tveimur húsum í kaupsinu sem eru teiknuð af Sigvalda en hann fæddist í Vopnafirði</i>
Umhverfisgildi:	Hátt	<i>Stendur við eina af aðalgötum kaupsins á áberandi stað.</i>
Upprunalegt gildi:	Lágt	<i>Búið er að bæta við þakkanti.</i>
Tæknilegt ástand:	Lágt	<i>Húsið er í lélegu ástandi og viðhaldi hefur ekki verið sinnt.</i>
Varðveislugildi:	Hátt	<i>Einstakt rafstöðvarhús teiknað af Sigvalda Thordarson. Varðveitir bæði byggingarsögu sem tengist sveitarfélaginu og sögu atvinnulífs. Húsið er hverfisverndað í deiliskipulagi.</i>

Breytingartillagan er ekki í samræmi við niðurstöður húsakönnunarinnar.

## 5 Umhverfismat breytinga á deiliskipulagi

Umhverfismat er unnið samhliða vinnu við gerð breytinga á deiliskipulagi í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í samræmi við umhverfismat gildandi deiliskipulags eru metin líkleg áhrif af fyrirhuguðu niðurrifi á aðliggjandi svæði og eftirfarandi þætti:

Umhverfispáttur	Matsspurningar	Viðmið
Landslag og ásýnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins?	Lög um náttúruvernd 60/2013
Heilsa og öryggi	Er hætta á mengun að völdum áætlunar ? Mun áætlunin hafa áhrif á umferðaröryggi ?	Vegalög nr. 80/2007. Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa? Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?	Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
Minjar og varðveislugildi	Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Skipulagslög nr. 123/2013.

Borin eru saman áhrif þess að halda í óbreytt ástand við breytingartillögu.



## 5.1 Landslag og ásýnd

### Matsspurningar

Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins?

Hafnarbyggð er ein af aðalgötum kaupþúsins og aka allflestir íbúar og gestir fram hjá hafnarsvæðinu á leið sinni um það, þar sem gatan liggur í gegnum þéttbýlið.

Við niðurrif Hafnarbyggðar 16 mun ásýnd svæðisins frá Hafnarbyggð breytast þar sem húsið stendur út við götuna. Húsið stendur þó ekki alveg við götun líkt og næsta hús sunnan við, Hafnarbyggð nr. 12, heldur um 7,5 m innar frá götukanti. Breytingin við það að húsið myndi hverfa og engin mannvirki koma í stað þess myndi þó ekki stinga í stúf við umhverfi sitt þar sem hafnarsvæðið opnast út til götunnar með portum og aðkomu bíla á fleiri stöðum.

Breytingin er því talin hafa óveruleg áhrif á ásýnd.

## 5.2 Heilsa og öryggi

### Matsspurningar

Er hætta á mengun að völdum áætlunar ?

Mun áætlunin hafa áhrif á umferðaröryggi ?

Breytingartillagan er ekki talin hafa áhrif á mengun.

Breytingin er talin auka öryggi á hafnarsvæðinu þar sem aðkoma að inngöngum í Hafnarbyggð 12 mun breikka og sjónlínur ökumanna stórra ökutækja verða betri.

Ekki er gert ráð fyrir að áhrifa breytingarinnar á heilsu og öryggi hafi áhrif út fyrir hafnarsvæðið.

Breytingin er því talin hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi innan hafnarsvæðisins.

## 5.3 Hagrænir og félagslegir þættir

### Matsspurningar

Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa?

Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?

Núverandi starfsemi á svæðinu er hafnsækin starfsemi og stoðþjónusta tengt henni.

Breytingin hefur ekki bein áhrif á núverandi starfsemi á svæðinu eða í kring um húsið og lóðina sem breytingin nær til. Breytingin hefur þau áhrif að núverandi starfsemi fær aukið pláss og svigrúm til athafna utandyra.



Svæðið er afmarkað fyrir hafnrækna starfsemi svo ekki er talið að breytingin hafi áhrif á lífsgæði íbúa.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á atvinnulíf.

## 5.4 Minjar og varðveislugildi

Matsspurningar
Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?

Breytingin leyfir niðurrif á húsi sem er verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi. Þegar sú hverfisvernd var lögð fram byggði hún á niðurstöðum húsakönnunar á hafnarsvæðinu. Var húsið metið með hátt varðveislugildi í húsakönnuninni.

Húsið hefur ekki fengið nauðsynlegt viðhald í áravís og er því í bágbornu ástandi. Ekki séð hver eigi að gera upp húsið eða hvaða hlutverki það eigi að þjóna til framtíðar. Húsið er talið þrengja að núverandi hafnarstarfsemi.

Húsið nýtur ekki verndunar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Metið er sem svo að breytingin hafi neikvæð áhrif á minjar og varðveislugildi.

## 5.5 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Sjá samantekt niðurstaðna um áhrif breytingarinnar í töflu 5.1. Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á landslag og ásynd, hagræna og félagslega þætti. Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi innan hafnarsvæðisins.

Breytingin er talin hafa neikvæð áhrif á minjar og varðveislugildi.

Breytingin er í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar um leyfa niðurrif á Hafnarbyggð 16.

*Tafla 5.1 Samantekt umhverfismats vegna breytinga á Vopnafjarðarlínu 1.*

Umhverfispáttur	Matsspurningar	Áhrif
Landslag og ásynd	Mun breytingin hafa áhrif á ásynd svæðisins?	Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á ásynd.
Heilsa og öryggi	Er hætta á mengun að völdum áætlunar ? Mun áætlunin hafa áhrif á umferðaröryggi ?	Breytingartillagan er ekki talin hafa áhrif á mengun. Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi innan hafnarsvæðisins.
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa?	Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif.
Minjar og varðveislugildi	Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?	Breytingin hefur neikvæð áhrif á minjar og varðveislugildi þar sem hún leyfir niðurrif á húsi með hátt varðveislugildi í húsakönnun.



Tilgangur breytinganna er að bæta aðgengi og öryggi á svæðinu. Niðurrifs Hafnarbyggðar 16 er talin styrkja núverandi notkun svæðisins og vera í samræmi við þá notkun.

Niðurstaða umhverfимatsins er að áhrif breytingarinnar kalli ekki á frekari mótvægisáðgerðir eða viðbrögð.

## 6 Samráð við gerð tillögu og tímaáætlun

### 6.1 Tækifæri til að hafa áhrif

Málsmeðferð vegna þessara breytingar á deiliskipulagi er samkvæmt 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Hægt er að hafa áhrif á vinnu við tillöguna með því að senda inn athugasemdir og/eða ábendingar. Þrjár vörður í ferlinu marka tækifæri til að hafa áhrif: **lýsing, tillaga í vinnslu og auglýsing breytingartillögu.**

Allir, sem þess óska, geta komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu **með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps** á netfangið [sigurdur.jonsson@efla.is](mailto:sigurdur.jonsson@efla.is) eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Kaupvangi 5, 700 Egilsstöðum.

Athugið athugasemdarfrest sem auglýstur er á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.vopnafjardarhreppur.is](http://www.vopnafjardarhreppur.is)

### 6.2 Umsagnaraðilar

Auk Skipulagsstofnunar verður þessi tillaga send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST)
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfistofnun
- Vegagerðin

### 6.3 Kynning lýsingar

Deiliskipulag hafnarsvæðis, lýsing skipulagsáforma um breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði á Vopnafirði, var kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins þann 18. ágúst 2020. Haldið var opið hús á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15 Vopnafirði, 24. ágúst milli kl. 16:00 – 18:00. Athugasemdafrestur var til 3. september.

Umsagnir og athugasemdir bárust þar sem lagst var gegn áætlunum um niðurrif Hafnarbyggðar 16. Meirihluti skipulagsnefndar var sammála ummælum um mikilvægi hússins og sögu þess en húsið sé ekki vel staðsett þar sem það er aðþrengt af öðrum húsum og njóti sín ekki vel á þessum stað. Húsið hefur ekki fengið nauðsynlegt viðhald í árávis og er því í bágborinu ástandi.





Núverandi eigendur sjá ekki fram á að geta nýtt það og haldið því við eins og þarf. Það var niðurstaða meirihluta nefndarinnar að heimila niðurrif á húsinu.

Í kjölfarið staðfesti sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps niðurstöðu skipulags- og umhverfisnefndar.

#### 6.4 Tillaga á vinnslustigi kynnt

Breytingartillaga var kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4.mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var gerð aðgengileg og auglýst á vef sveitarfélagsins, <https://vopnafjardarhreppur.is/>, þann 23. nóvember 2020. Vinnslutillagan var einnig send á umsagnaraðila.

Kynning á breytingartillögu á vinnslustigi var haldin með opnu húsi í Miklagarði 2. desember 2020 kl. 16. Að loknu opnu húsi var upptaka af kynningunni gerð aðgengileg á vefnum.

Umsagnir bárust frá Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) sem gerðu ekki athugasemdir við tillöguna. Minjastofnun Íslands ítrekaði umsögn sína við lýsingu þar sem stofnunin harmar þá ákvörðun um að aflétta hverfisvernd á Hafnarbyggð 16 og heimila niðurrif þess. Stofnunin styður ekki ákvörðunina.

Að lokinni kynningu var uppdráttur lagfærður til að lagfæra skala ásamt farið var enn einu sinni yfir málfar og stafsetningu texta. Umsagnir við tillögu á vinnslustigi leiddu ekki til breytinga.



## 6.5 Áætluð tímalína fyrir skipulagsvinnuna

